

TEFLT Á TÆPASTA VAÐ

Skortur á aðhaldi er áhyggjuefni á sama tíma og vaxtastig fer hækkandi
Hagvöxtur framtíðar mun ekki leysa allan vanda – skerpa þarf á stefnu um viðbrögð

Frumvarp til fjárlaga 2022

Umsögn Samtaka atvinnulífsins – 10. desember 2021



Treyst er á bata í ríkisfjármálum samhliða auknum hagvexti

Til að svo megi verða þarf að bæta gæði ríkisútgjalda og rekstrarumhverfi fyrirtækja

Áherslur atvinnulífsins eru þrjúþættar

1. Aukin árangurstenging og endurmat útgjalda

Tryggja þarf að fjárveitingar nái tilætluðum árangri með markvissu endurmati útgjalda. Ræða þarf niðurstöður endurmats útgjalda í samhengi við fjárlagagerð enda stuðlar það að samhengi markmiðasetningar og fjárveitinga og gagnadrifinni ákvarðanatöku.

Ræða þarf lengri tíma áskoranir á þingi og setja þær í samhengi við fjárlagagerð á sama tíma og áhersla er lögð á gæði ríkisútgjalda.

2. Lækkun álaga og einföldun regluverks

Áætlanir treysta á kröftugan hagvöxt. Til að hann geti orðið að veruleika þarf að styðja við atvinnulífið í orði og verki en ein helsta hindrun fyrirtækja í þessum eignum er launakostnaður sem þróast hefur úr takti við verðmætasköpun. Launakostnaður sem hlutfall af verðmætasköpun er sá mesti sem þekkt og langt umfram það sem þekkt í okkar helstu samanburðarlöndum. Launahækkunir, sem hið opinbera leiðir, þyngja rekstur og skapa verðbólguþrýsting sem væri hægt að tempra með lækkun launatengdra gjalda, þ.á.m. tryggingagjalds. Fylgja ætti eftir tillögum OECD til umbóta á regluverki í byggingariðnaði og ferðaþjónustu

3. Umbætur á vinnumarkaðslíkaninu

Nauðsynlegt er að setja vinnubrögðum við kjarasamningsgerð fastari skorður til að draga úr miklum og óþörfum samfélagskostnaði sem samningsgerðinni fylgir. Á Norðurlöndunum eru stefnumótandi kjarasamningar endurnýjaðir skömmu áður en þeir renna út og í kjölfar þeirra eru langflestir aðrir kjarasamningar endurnýjaðir á örfáum vikum. Mikilvægar umbætur á vinnumarkaðslíkaninu eru til þess fallnar að stuðla að skilvirkari kjarasamningagerð, launahækkunum í takti við verðmætasköpun og heilbrigðari vinnumarkaði.



Ljós við enda ganganna réttlætir ekki aðgerðaleysi í ríkisfjármálum

Bregðast þarf við vanda sem þegar var orðinn og mun einungis ágerast - skapa þarf skilyrði fyrir vöxt atvinnulífsins

Vandi ríkisrekstrar er þríþættur

1. Aðhaldsleysi

Lækkun útgjalda má rekja til niðurfellingar á tímabundnum útgjöldum tengdum faraldrinum og minna atvinnuleysis, ekki sérstakra aðgerða til að draga úr fyrirséðum rekstrarvanda. Nú þegar gert er ráð fyrir að framleiðsluspenna gæti myndast í hagkerfinu strax á næsta ári er erfitt að sjá að ekki sé rými fyrir neinar aðhaldsaðgerðir eða hagræðingu. Ef ekkert er að gert verður áframhaldandi ójafnvægi í ríkisrekstri sem mun hafa í för með sér ósjálfbæra skuldasöfnun.

2. Treyst á vöxt atvinnulífsins

Til að forsendur í fjárlagafrumvarpi standist þurfa áætlanir um viðspyrnu í ferðabjónustu að ganga eftir en raungengið nú er mun hærra en þegar uppgangur ferðabjónustunnar hófst í kjölfar fjármálaáfallsins. Hátt raungengi dregur úr samkeppnishæfni útflutningsgreina. Á sama tíma hafa laun þróast úr takti við verðmætasköpun. Hið opinbera leiðir launaþróunina og stendur jafnframt fyrir fjölgun starfa á kostnað atvinnulífsins. Ósjálfbær fjölgun opinberra starfa getur haft ruðningsáhrif á almennan vinnumarkað, þyngir ríkisrekstur og getur skert hagvaxtargetu. Regluverk er meira íþyngjandi en víðast annars staðar. Rekstrarskilyrði fyrirtækja eru því um margt erfið.

3. Óskilvirkur vinnumarkaður

Fámenn stéttarfélag og óskilvirk kjarasamningagerð einkenna íslenskan vinnumarkað. Meðalfjöldi starfsmanna á hvern samning er 530 hér á landi en 10.000 í Svíþjóð og 5.400 í Noregi. Ríkissáttasemjari á Íslandi hefur ekki þau úrræði sem sáttasemjarar í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð hafa til að tengja hópa saman eða fresta aðgerðum. Slík úrræði eru mikilvægur þáttur í stöðugleika á norrænum vinnumarkaði.



Staðan

Þríþættur vandi

1. Aðhaldsleysi
2. Treyst á vöxt atvinnulífsins
3. Óskilvirkur vinnumarkaður

Þríþætt lausn

1. Aukin árangurstenging og endurmat útgjalda
2. Lækkun álaga og einföldun regluverks
3. Umbætur á vinnumarkaðslíkaninu

Aðrar athugasemdir


Staðan

„Grunngildið um varfærni snýr að rekstrarlegum þáttum sem varða jafnvægi milli tekna og gjalda. Þar var komið fram undirliggjandi ójafnvægi áður en núverandi efnahagsvandi raungerðist“

- Fjármálaráð, apríl 2021

Hallarekstur regla frekar en undantekning?

Afkoma A-hluta ríkissjóðs ásamt áætlun 2021 og frumvarpi 2022 (% VLF)





Það birtir til í hagkerfinu

Útlit er fyrir 3,9% hagvöxt í ár og 5,3% á næsta ári. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi haldi áfram að dragast saman en verði þó 4-5% á næstu árum. Á sama tíma mælist verðbólga yfir markmiði. Talsverð óvissa ríkir enn um horfurnar.

■ Hagstofa Íslands ■ Seðlabanki Íslands ■ Greiningardeildir bankanna

Hagvaxtarspár

%




Verðbólguþá

%



Atvinnuleysisþá

%*





Áframhaldandi hallarekstur og enginn endir í sjónmáli

Reksturinn var þegar í járnnum árið 2019 og mátti lítið út af bregða þegar faraldurinn skall á

Mikilvægt er að bregðast strax við undirliggjandi rekstrarvanda.


- Ekki má gleymast að rekstur ríkissjóðs var þegar í járnnum áður en heimsfaraldurinn skall á.
- Því var ekkert svigrúm að finna í rekstrinum til að bregðast við efnahagslegri niðursveiflu þó svigrúm hafi verið til að auka við skuldsetningu.
- Allar aðgerðir hafa grundvallast á aukinni lántöku. Ef lántaka er notuð til að fjármagna viðvarandi hallarekstur er sjálfbærni ríkisfjármála ógnað.
- Ef tekið hefði verið tímanlega á undirliggjandi rekstrarvanda hefði staða ríkissjóðs verið betri við áfallið og því minni þörf á afkomubætandi ráðstöfunum (sem enn hafa ekki verið útfærðar) í framtíð, eins og fjármálaráð hefur bent á.

Nú leggjast á eitt vandamál tengd heimsfaraldrinum og undirliggjandi rekstrarvandi sem þegar var til staðar.

Ekki er hægt að eftirláta næstu ríkisstjórn að leysa allan þann vanda.

Afkoma ríkissjóðs og frumjöfnuður 2019-2026

% VLF






Ríkisskuldur höfðu minnkað sem skapaði rými til aukinnar skuldsetningar

Skuldir ríkissjóðs hafa aukist hratt og munu halda áfram að vaxa a.m.k. út árið 2026

Heildarskuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu

% VLF

Fjármálaáætlun 2022-2026 Fjármálastefna 2022-2026



Hver er nauðsyn þess að fresta stöðvun skuldasöfnunar enn frekar í ljósi bættra efnahagsaðstæðna?




Vaxtabyrðin er þyngri hér á landi en í samanburðarríkjum

Með aukinni skuldsetningu og hækkandi vaxtastigi mun hún koma til með að aukast enn frekar

Samhengi opinberra skulda og vaxtakjara

Heildarskuldir hins opinbera og vaxtagjöld sem hlutfall af VLF árið 2020




Þrjúþættur vandi

1. Aðhaldsleysi
2. Treyst á vöxt atvinnulífsins
3. Óskilvirkur vinnumarkaður

Ekkert aðhald

Heildarútgjöld ríkissjóðs, breyting milli fjárlaga fyrir árin 2021-2022 (ma.kr.)





Ítrekað er rætt um aðhald í rekstri en þegar að er gáð er lítið aðhald að finna í fjárlögum

Útgjöld ríkissjóðs vaxa um 1% á föstu verðlagi á milli ára þegar lítið er fram hjá niðurfelldum sértækum aðgerðum vegna faraldursins. Áhrifin eru enn meiri þegar horft er fram hjá minnkandi atvinnuleysi.

Ábyrgð í rekstri er ekki uppáskrift á niðurskurð

Engin stefna er um aðgerðir til að draga úr hallarekstri. Áherslur frumvarpsins bera þess merki að vaxa eigi út úr vandanum.

Í frumvarpinu segir: „Við þessar breyttu aðstæður er skynsamlegt að draga úr halla ríkissjóðs ár frá ári og stöðva með því hækkun hlutfalls skulda af landsframleiðslu á næstu árum“

Síðar segir þó: „Ekki er gert ráð fyrir að gripið verði til sérstakra ráðstafana til að bæta afkomu ríkissjóðs á næsta ári.“

Minnkun útgjalda má rekja til niðurfellingar á tímabundnum útgjöldum tengdum faraldrinum og minna atvinnuleysis, ekki sérstakra aðgerða til að draga úr fyrir séðum rekstrarvanda. Nú þegar gert er ráð fyrir að framleiðsluspenna gæti myndast í hagkerfinu strax á næsta ári er erfitt að sjá að ekki sé rými fyrir neinar aðhaldsaðgerðir eða hagræðingu. Þó er ekki gerð frekari aðhaldskrafa til málefna sviða umfram forsendur fjármálaáætlunar.


„Til lengri tíma lítið er ljóst að til að draga úr og á endanum stöðva hallarekstur ríkissjóðs þarf að leggja áherslu á bættu nýtingu fjármuna, m.a. með því að tryggja umbætur í ríkisrekstrinum með markvissu endurmati útgjalda og fjárfestingu í tæknilegum innviðum sem stuðla að hagræðingu og bættri þjónustu.“

Afar jákvætt er að stefnt sé að markvissu endurmati útgjalda og stafrænni þróun sem hvort um sig ætti að stuðla að skilvirkari nýtingu opinbers fjár án þess að koma niður á mikilvægri grunnþjónustu.

Ekkert er því til fyrirstöðu að gerð sé krafa um árangur af þessari vinnu strax á næsta ári.

Útgjöld ríkissjóðs 2021 og 2022

Leiðrétt fyrir niðurfelldum sértækum aðgerðum v. COVID-19 (ma.kr. á verðlagi 2021)





Ítrekað er rætt um aðhald í rekstri en þegar að er gáð er lítið aðhald að finna í fjárlögum

Talað er um að ekki verði stofnað til nýrra útgjalda en þau er engu að síður að finna í fjárlagafrumvarpi. Hvaðan eiga þessir fjármunir að koma?

Engin ný útgjöld... og þó?

- Lögð er áhersla á að ekki verði efnt til nýrra eða aukinna útgjalda umfram það sem óhjákvæmilegt er.
- Þrátt fyrir það eru talin til ný útgjöld í „samræmi við forgangsröðun nýrrar ríkisstjórnar“ sem sjá má upptalin hér til hliðar og á bls. 119 í frumvarpinu.
- Velta má fyrir sér hvenær aukin útgjöld hins opinbera má ekki rökstyðja með því að þau séu „óhjákvæmileg“ enda er það alltaf huglægt mat.
- Eðlilegt er að útgjöld séu í samræmi við forgangsröðun yfirvalda en samhliða þarf að tryggja að ekki sé útgjaldaaukning á þeim sviðum sem ekki eru í forgangi.
- Rammasett útgjöld aukast um 30% að raunvirði á árunum 2017-2022. Á sama tímabili er áætlað að hagvöxtur aukist um 14%.

„Í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026 eru hófleg aðhaldsmarkmið innbyggð í útgjaldaramma málefna sviða sem koma til lækkunar á móti útgjaldaaukningu, eins og tíðkast hefur í fjárlögum um langt árabil. Ekki er um að ræða aðhaldskröfur umfram þær sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026. Þar er gerð 2% almenn aðhaldskrafa til málaflokka fyrir utan tiltekna liði sem tíðkast hefur að undanskilja. Aðhaldsmarkmið í rekstri heilbrigðis- og öldrunarstofnana og skóla er þó til muna lægra, eða 0,5%. Engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkratrygginga og dómstóla.“

- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022

Ný útgjöld? Helstu áherslumál fjárlaga og nýrrar ríkisstjórnar:

- Aukinn viðbúnaður heilbrigðiskerfisins vegna kórónuveirufaraldursins með sérstakri farsóttardeild á LSH og fjölgun hágæslu- og endurhæfingarrýma.
- Bygging nýrra hjúkrunarheimila og endurbætur á eldri nýmum.
- Áframhaldandi lækkun á greiðsluþátttöku sjúklinga.
- Aukin framlög til geðheilbrigðismála.
- Hækkun bóta örorkulífeyrisþega.
- Hækkun frítekjumarks atvinnutekna ellilífeyrisþega.
- Efling og samþætting þjónustu í þágu farsældar barna.
- Framlög til loftslagsmála aukin.
- Aukinn stuðningur við orkuskipti í samgöngum.
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningsgangna.
- Aukin framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.
- Viðbótarframlög vegna fjölgunar nemenda á framhalds- og háskólastigi.
- Auknar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.
- Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak 2021–2023.
- Efling stafrænnar þjónustu.



Á sama tíma ýtir hið opinbera fjármálareglum á undan sér og brekkan verður brattari


Viðmiðum laga um opinber fjármál var vikið til hliðar árin 2023-2025 með bráðabirgðaákvæði og á nú að ýta þeim til hliðar enn eitt ár fram í tímann. Næstu ríkisstjórn er eftirlátið að taka á vanda sem eingöngu mun ágerast samhliða öldrun þjóðar.

Vandamálunum ýtt yfir á næstu ríkisstjórn

- Vegna áhrifa faraldursins á fjárhag hins opinbera var viðmiðum laga um opinber fjármál vikið til hliðar árin 2023-2025. Tók fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 mið af því og stóð til að stöðva skuldasoðnun árið 2025. Skv. tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 mun skuldasoðnun hins vegar ekki stöðvast fyrr en árið 2026.
- Þannig verður enn erfiðara að standast skuldalækkunarreglu laganna sem segir að „skuldir skuli lækka um a.m.k. 5% af því sem ber á milli heildarskulda og skuldahámarks að meðaltali árlega á hverju þriggja ára tímabili.“ Þar sem skuldir aukast árið 2026 færast þunginn yfir á árin 2027 og 2028 þegar skuldir munu þurfa að lækka um 2% af VLF, eða sem samsvarar fjárfrahlögum til háskólastigsins árið 2021.
- Opinberar skuldir hafa aukist minna en óttast var í fyrstu og því verður ekki séð hvers vegna vandanum er velt yfir á næstu ríkisstjórn með þessum hætti í stað þess að byrja eins fljótt og hægt er að lækka skuldir.

Skuldir hins opinbera skv. skuldareglu (% af VLF)

Skuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnistæðum





Bjartsýnar áætlanir leiða að jafnaði til verri rekstrarniðurstöðu en ella


Bjartsýni í ríkisfjármálum er gjarnan nýtt til að fresta hagræðingaraðgerðum eða rökstyðja áframhaldandi útpenslu

Hvar birtast sjónarmið um varfærni?


- Samhengi áætlana og fjárlaga voru skoðuð fyrir Evrópusambandsríki yfir tímabilið 1998-2019.¹ Að meðaltali var hagvöxtur einu prósentustigi minni en áætlanir til þriggja ára gerðu ráð fyrir.
- Þrátt fyrir þessa vitneskju er skekkjan ekki innbyggð í fjárlagagerðina. Þvert á móti styðjast yfirvöld gjarnan við bjartsýnar sviðsmyndir til að fresta nauðsynlegum hagræðingaraðgerðum eða rökstyðja áframhaldandi útpenslu.
- Þegar áætlanir, sem oft byggja á bjartsýnum væntingum, hafa verið samþykktar er mikil tregða til að aðlaga þær að breyttum veruleika – sérstaklega þegar sá veruleiki er lakari en vonast var til.
- Þessi tregða leiðir til þekktrar bjögunar í átt að rekstrarhalla sem á það til að verða viðvarandi. Slíkt ástand leiðir til sívaxandi skuldsetningar sem getur þróast í skuldavanda.

Raunniðurstöða og spár fjármálaáætlana 2018-2026 hafa sjaldan farið saman

Afkoma og afkomuspár (% VLF)



Hagvöxtur og hagvaxtarspár (%)





Sviðsmyndir hafa litla þýðingu í tómarúmi – tiltaka þarf mögulegar viðbragðsáætlanir

Hvert er samspil stefnu og áætlana? Þeirri spurningu er ósvarað í fjárlagafrumvarpi

Tiltaka þarf viðbragð við þeim sviðsmyndum sem settar eru fram í fjárlögum

- Óhófleg bjartsýni til meðallangs tíma í ríkisfjármálum getur haft slæm áhrif á rekstrarniðurstöður og getur verið notuð sem réttlætning fyrir þenslu í ríkisfjármálum. Bjartsýni varðandi stöðu hagkerfisins að nokkrum árum liðnum leiðir að sama skapi til bjartsýnna útgjaldaáætlana.
- Hættan er sú að ef þróun í efnahagsmálum verður til verri vegar getur reynst pólitískt erfitt að aðlaga ríkisfjármálin að breyttum veruleika ef ekki hefur verið tiltekið fyrirfram hvernig bregðast ætti við lakari niðurstöðum.
- Alltaf er hægt að lýsa efnahagslegri stöðu sem slappri ef samanburðurinn er glæst framtíðarsýn. Sumir stjórnámamenn munu alltaf lýsa núverandi stöðu sem ófullnægjandi, þannig að hún krefjist stuðnings ríkisfjármálanna.
- Slík vinnubrögð eru hins vegar ekki í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál sem snúa að varfærni og sjálfbærni.
- Tilgreina þarf betur í fjármálastefnu hvernig varfærni birtist í afkomu frá ári til árs, til dæmis með útgjaldareglu þar sem sett yrði þak á útgjaldavöxt, til viðbótar við þær fjármálareglur sem þegar eru til staðar.
- Sviðsmyndir sem fylgja nú fjárlagafrumvarpi eru verulega til bóta, en tiltaka þarf viðbrögð ríkisfjármálanna ef sviðsmyndir aðrar en grunnsviðsmyndin raungerast. Að öðrum kosti hefur sviðsmyndagreiningin takmarkaða, ef einhverja, þýðingu.

Bjartsýn sviðsmynd:

Lykilforsenda: Einkaneysluvöxtur 10%, hagvöxtur 7%

Afleiðingar: Afkoma ríkissjóðs 20 milljörðum betri

Viðbragð:



Svartsýn sviðsmynd:

Lykilforsenda: Fjöldi ferðamanna 800 þúsund, hagvöxtur 3%

Afleiðingar: Afkoma ríkissjóðs 25 milljörðum lakari

Viðbragð:





Skuldapróunin verður ósjálfbær nema gripið sé til aðgerða

Óvarlegt að treysta á að ytri áhrifaþættir, s.s. aukinn hagvöxtur, muni breyta stöðunni til hins betra

Hagvöxtur mun ekki nægja til að koma jafnvægi á skuldahlutfallið


- Hækkandi lífaldur þjóðarinnar mun þyngja rekstur ríkissjóðs á komandi árum.
- Kostnaður vegna öldrunar felst einkum í auknum kostnaði í heilbrigðiskerfinu, umönnun aldraðra og lífeyrisgreiðslum sem auka á útgjaldaskuldbindingar.
- Aukinn kostnaður vegna þessa gæti þrýst skuldahlutfallinu á ósjálfbærar slóðir.
- Jafnvel með jákvæðum frumjöfnuði um 0,7% af VLF og endurbótum á almannatryggingakerfinu í takt við tillögur OECD gefur framreikningur til kynna sívaxandi skuldsetningu þegar fram líða stundir.
- Horft lengra en 5 ár fram í tímann mun reynast sífellt erfiðara að stöðva skuldasoðnun án sérstakra aðgerða.

Skilgreina þarf viðbragð ríkisfjármálanna við þessari þróun

Heildarskuldir hins opinbera

% VLF

- Fjármálaáætlun 2021-2025
- Aukinn kostnaður vegna öldrunar
- Óbreytt aldurssamsetning
- Aukinn kostnaður vegna öldrunar að viðbættum umbótum á almannatryggingakerfinu





Varhugavert er að treysta á lágt vaxtastig til framtíðar

Vextir hafa verið sögulega lágir en vaxtastig fer nú hækkandi. Vaxtagjöld eru þegar orðin fimmti stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs.


Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa

5 og 10 ára ávöxtunarkrafa



10 stærstu útgjaldaflokkar ríkissjóðs árið 2022

Þús.kr. á mann á verðlagi ársins 2021*






Heilbrigðisútgjöld munu einungis koma til með að aukast með hækkandi lífaldri

Horfa þarf á útgjöld í málaflokknum í samhengi við þýðingarmiklar stærðir á borð við aldurssamsetningu þjóðar og þann árangur sem útgjöldin eiga að skila. Allar umbætur ættu að miðast að mælanlegum árangri, ekki auknum útgjöldum, útgjaldanna vegna.

Vænt heilbrigðisútgjöld á mann miðað við íslenskan kostnað 2019

Út frá mismunandi aldurssamsetningu þjóða (Þús.kr.)



Meðal Íslendingurinn kostar heilbrigðiskerfið 670 þúsund krónur á ári. Ef heilbrigðiskostnaður eftir aldri væri sá sami hjá hinum Norðurlöndunum og á Íslandi væru vænt útgjöld þeirra á mann að meðaltali 760 þús.kr. Íslenska þjóðin er umtalsvert yngri. Því þarf ekki að undra að heildar heilbrigðisútgjöld hér á landi séu minni en gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum.



Alfarið er treyst á vöxt atvinnulífsins til að bæta stöðu ríkissjóðs

Raungengi nú er mun hærra en þegar mikill vöxtur ferðaþjónustunnar hófst eftir fjármálaáfallið. Hátt raungengi við upphaf uppsveiflu mun þyngja róðurinn fyrir útflutningsgreinar.

Gert er ráð fyrir að útflutningsvöxtur muni knýja efnahagsbatann

- Til að forsendur í fjárlagafrumvarpi standist þurfa áætlanir um viðspyrnu í atvinnulífinu að ganga eftir. Veikleiki í hagvaxtarforsendum stjórnvalda snýr að bjartsýnum forsendum um vöxt ferðaþjónustu.
- Spá Hagstofunnar um kröftugan útflutningsdrifinn hagvöxt á næsta ári byggir á því að hingað til lands muni koma um 1,4 milljónir ferðamanna á næsta ári.
- Miðað við áætlanir SAF um fjölda ferðamanna (um 1,2m ferðamanna árið 2022) og aðrar ferðamannaspár greiningaraðila mætti grunnsviðsmyndin sem fjárlögin byggja á teljast með bjartsýnna móti.
- Aðstæður í ferðaþjónustu nú eru ekki þær sömu og eftir fjármálaáfallið þegar raungengið var veikt. Þó innviðir séu til staðar er samkeppnisstaðan erfiðari.

„Þá er varasamt að treysta um of á endurreisn hagkerfisins byggða á hröðum vexti í einni atvinnugrein. Að öðru óbreyttu vinnur sterkara raungengi gegn hraðri viðspyrnu útflutningsgreina. ...í ljósi sjálfbærni opinberra fjármála til lengri tíma er verkefnið að skapa umgjörð og búa til hvata sem leiða til aukinnar framleiðni í hagkerfinu. Aukin framleiðni mun að öðru óbreyttu standa undir aukinni velsæld óháð pólitískum stefnum og áherslum.“

- Álitsgerð Fjármálaráðs um fjármálaáætlun 2022-2026

Framlag undirliða til hagvaxtar 2022

%



Spár um aukinn hagvöxt á næsta ári byggja á miklum útflutningsvexti, þ.e. sterkri viðspyrnu ferðaþjónustu. Varasamt er að treysta um of á hraðan vöxt í einni atvinnugrein. Lítið má út af bregða.

2022



Mikil fjölgun hefur verið á opinberum störfum en fækkun á almennum vinnumarkaði

Fjölgun opinberra starfa getur haft ruðningsáhrif á almennum vinnumarkaði, þyngt opinberan rekstur og takmarkað hagvaxtargetu þjóðarbúsins

Skýringar óskast á fjölgun opinberra starfa

Fjölgun starfa hjá hinu opinbera hefur verið umfram fólksfjölgun, náttúrulega fjölgun fólks á vinnufærum aldri og langt umfram þróunina á almennum vinnumarkaði á undanförunum árum. Þessi þróun var hafin áður en heimsfaraldur skall á og er því ekki eingöngu honum um að kenna. Ástæða er til að gefa þessu gaum þar sem tryggja þarf að verðmætasköpun á almennum vinnumarkaði geti staðið undir opinberum störfum til lengri tíma litið.

Rannsóknir hafa sýnt að opinberar ráðningar:¹

- Dragi ekki úr atvinnuleysi til langs tíma
- Auki byrði í ríkisfjármálum
- Geti dregið úr hagvaxtargetu þjóðarbúsins með því að lækka atvinnustig á almennum vinnumarkaði.


Nýta þarf tækifæri til útvistunar verkefna þar sem þau liggja. Þá ætti hið opinbera ekki að standa í samkeppnisrekstri.

Sérstakt markmið þessarar ríkisstjórnar er að vaxa til velsældar. Vaxtargeta í atvinnulífnum veltur að miklu leyti á samkeppnishæfu rekstrarumhverfi einkageirans og getu hans til að ráða til sín starfsfólk.

Fráleitt væri ef hið opinbera yrði ofan á í samkeppni við almenna vinnumarkaðinn um sérhæft starfsfólk í stórum stíl. Rýna þarf betur um hvaða störf ræðir og hvað veldur þessari þróun.

Fjölgun starfandi á almennum og opinberum² vinnumarkaði

á nýliðnu kjörtímabili (Vísitala = 100 í september 2017)





Á sama tíma leiðir hið opinbera launapróun eins og oft áður

Almennur vinnumarkaður ætti ávallt að leiða launapróun og opinber markaður að elta hann enda eykst framleiðni, sem skapar svigrúm til aukins kaupmáttar, mest þar.

Ráðningar og launapróun hjá hinu opinbera þyngja reksturinn í erfiðu efnahagsástandi


- Launahækkningar, sem hið opinbera leiðir, þyngja rekstur og skapa verðbólguþrýsting. Launakostnaður sem hlutfall af verðmætasköpun er sá mesti sem þekkist og langt umfram það sem þekkist í okkar helstu samanburðarlöndum.
- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2022 eru áætluð um 1.203,5 ma.kr. á árinu 2022. Er það 11,4 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.
- Í þeirri breytingu milli ára vegur þyngst að launa-, gengis- og verðlagsbreytingar nema 37,2 ma.kr. Launabreytingar eru 52% þar af.
- Að þeim frátöldum lækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 25,7 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2021 eða sem nemur 2,1% að raunvirði.

“...þungir togkraftar verða til þess að [launatengd] útgjöld hins opinbera aukast enda þótt framleiðni vinnuafis innan opinbera geirans vaxi minna en annars staðar í hagkerfinu. Í þessu ljósi er mikilvægt að huga að því hvað leiðir launahækkningar **Stjórnvöldum ber að spyrna gegn því að launahækkningar opinbera geirans leiði launamyndun á vinnumarkaði.**”

- Álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun fyrir 2020-2024

Þróun launavísitölu á almennum og opinberum vinnumarkaði


Visitála apríl 2019 = 100





Fámenn stéttarfélög og of margir kjarasamningar einkenna íslenska kjarasamningslíkanið

Stór stéttarfélög, með ólíkar starfsgreinar og félagsmenn með mismikla menntun og ábyrgð, eru líklegri til að sýna samfélagslega ábyrgð og eru knúin til að skapa sátt um launahlutföll milli ólíkra starfsgreina.



Stéttarfélög sem gera kjarasamninga eru **a.m.k. tvöfalt fleiri á Íslandi en í Svíþjóð og Noregi.**

Starfsmenn pr. kjarasamning eru **20 sinnum fleiri í Svíþjóð og 10 sinnum fleiri í Noregi** en á Íslandi.

Væru kjarasamningar á Íslandi jafn margir og á Norðurlöndum m.v. höfðatölu ættu þeir að vera á bilinu 15-30, en ekki 330 eins og nú er.

Þrjúþætt lausn

1. Aukin árangurstenging og endurmat útgjalda
2. Lækkun álaga og einföldun regluverks
3. Umbætur á vinnumarkaðslíkaninu

Til mikils er að vinna með árangurstengdri fjárlagagerð



Aukið gagnsæi



Skýrari ábyrgð



Aukin hagkvæmni



Gagnadrifin stefnumótun



Bætt stjórnsýslumenning



Markvissari dreifing á skattfé



Styrkja þarf tengsl milli útgjalda og árangurs

Leggja ætti áherslu á árangur, tilgang og markmið fjárveitinga í samhengi við upphæðir fjárheimilda. Á þetta hefur skort.

Árangurstengda fjárlagagerð er unnt að innleiða með ýmsum hætti eftir því hvaða umgjörð hentar hverju landi, en Ísland er skemmra á veg komið en öll önnur OECD lönd hvað varðar innleiðingu á slíkri stefnu. Stefnumótunin felst í grundvallaratriðum í því að settir séu **árangursmælikvarðar** fyrir mikilvægustu málefni ráðuneyta með það fyrir augum að standa vörð um gæði opinberrar þjónustu á meðan dregið er úr sífelldri útpenslu ríkisútgjalda.

OECD nefnir sem dæmi að vel hefur tekist til við að innleiða svokallað „mælaborð árangurstengdrar fjárlagagerðar“ í Kanada, Frakklandi og í Bandaríkjunum. Mælaborðið birtir þróun á árangursmælikvörðum yfirvalda í rauntíma og er vel til þess fallið að hvetja til mótunar viðeigandi mælikvarða, miðla upplýsingum á einfaldan hátt til almennings og stuðla þannig að nauðsynlegu aðhaldi. Við ættum að horfa til þeirra landa þar sem góður árangur hefur náðst og keppast við að gera enn betur.

Kostir árangurstengdrar fjárlagagerðar eru meðal annars taldir vera:

1. aukið gagnsæi
2. skýrari ábyrgð
3. aukin hagkvæmni
4. gagnadrifin stefnumótun
5. bætt stjórnsýslumenning
6. markvissari dreifing á skattfé

Skv. 20. grein laga um opinber fjármál á hver ráðherra að setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á. Þar eiga að koma fram **áherslur og markmið, þ.m.t. gæða- og þjónustumarkmið og lýsa á með nokkuð nákvæmum hætti** hvernig skuli unnið að umbótum í þá átt. Gera á grein fyrir ítarlegum þáttum eins og ábyrgðarskiptingu, tímasetningum, nýtingu fjármuna og áherslum við innkaup.

Ekki er að sjá að þessu hafi enn verið fylgt eftir.



Tryggja þarf að endurmat útgjalda verði reglubundinn þáttur í fjárlagagerð

Endurmat útgjalda er mikilvægt tól til að halda aftur af útgjaldaaukningu og forgangsráða í rekstri

Yfirstandandi vinna við endurmat útgjalda er fagnaðarefni

Ræða þarf niðurstöður endurmats útgjalda í samhengi við fjárlagagerð enda stuðlar það að samhengi markmiðasetningar og fjárveitinga og gagnadrifinni ákvarðanatöku.

Afar jákvætt er að þrjú málaflokkar hafi nú verið teknir til endurmats; örorkumál, þjónusta við aldraða og framhaldsfræðsla.


Sífelld fleiri OECD ríki styðjast við slíka aðferðafræði sem reglulegan þáttur í mati á gæðum ríkisútgjalda enda hefur hún gefist vel.

Skv. niðurstöðum ríkjanna telur OECD að endurmat útgjalda leiði til:

- Betri forgangsröðunar
- Skilvirkari nýtingar fjár
- Temprunar útgjaldaaukningar

Nú er rétti tíminn til að setja stórukraftinn í þessa vegferð.

Ekki er eftir neinu að bíða.






Ef skapa á svigrúm til aukinnar opinberrar fjárfestingar þarf að forgangsraða í rekstri

Gæði ríkisútgjalda skipta máli og nauðsynlegt er að leggja meiri áherslu á hagvaxtarhvetjandi útgjöld

Hluttur málaflokka í heildarútgjöldum hins opinbera árið 2000 og 2015

% af heildarútgjöldum





Aukin áhersla á hagvaxtarhvetjandi útgjöld gagnast öllum þjóðfélagshópum

Hægt er að ná fram mikilvægum umbótum á almannatryggingakerfinu án þess að auka á ójöfnuð

Meiri gæði opinberra útgjalda gætu aukið hagvöxt á mann um 3,5% á 10 árum

- Leggja þarf meiri áherslu á hagvaxtarhvetjandi útgjöld á sama tíma og markmiðum tilfærslukerfa er náð. Þetta felur í sér umbætur á tveimur málaflokkum að mati OECD:


1. opinberri fjárfestingu
2. almannatryggingakerfinu

- Samkvæmt útreikningum OECD væri hægt að auka hagvöxt á mann um 3,5% á 10 árum og 7% til lengri tíma litið með því að auka útgjöld til fjárfestinga en draga til baka hluta af þeirri miklu aukningu sem sést hefur í almannatryggingakerfinu á umliðnum árum.
- Að mati OECD myndu slíkar umbætur auka skilvirkni í þjóðarþúskapnum án þess að hafa neikvæð áhrif á jöfnuð.
- Fjárfesting í mikilvægum innviðum þjónar þannig hagsmunum allra landsmanna.

Framlög til almannatrygginga og skatttekjur og tryggingagjöld*

Vísitala = 100 árið 2013 (á verðlagi hvers árs)

- VLF
- Skatttekjur og tryggingagjöld ríkissjóðs
- Almannatryggingar
- Framlög til örorkuhluta almannatrygginga





Bregðast þarf við ábendingum OECD og ráðast í umbætur á almannatryggingakerfinu


Ósjálfbær þróun í almannatryggingakerfinu mun þyngja skuldabyrði þegar fram líða stundir

Stuðla þarf að aukinni virkni á vinnumarkaði

- Á undanförmum árum hefur OECD ítrekað bent á nauðsyn umbóta í almannatryggingakerfinu samhliða fyrirsjáanlega auknum kostnaði vegna hækkandi lífaldurs. Þar hefur örorkukerfið verið sérstaklega nefnt þar sem hefur verið ósjálfbær þróun á undanförmum árum.
- Á árabílinu 2000 til 2015 jukust útgjöld til sjúkdóma, örorku og fötlunar úr 4,5 í 6,6% af opinberum útgjöldum, aðallega vegna mikillar aukningar í geðheilbrigðisvandamálum hjá yngra fólki. Kerfið náði þá til um 1/10 á vinnufærum aldri og hefur það hlutfall farið stighækkandi síðan.
- Umbótatillögur OECD felast í því að lögð sé áhersla á að styðja þá sem þiggja örorkubætur til aukinnar virkni á vinnumarkaði.
- Svo virðist sem lítið hafi verið aðhafst til að bregðast við þessum ábendingum. Þvert á móti er að finna sérstakar hækkanir umfram almennt verðlag til málaflokksins í fjárlögum fyrir 2022.
- Miklar væntingar eru til þeirrar vinnu sem nú stendur yfir varðandi endurmat útgjalda í þessum málaflökki.

Hlutfall öryrkja af fólki á vinnufærum aldri¹

Samanlagður fjöldi örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og endurhæfingarlífeyrisþega





Nýta á samkeppni um veitingu sjúkráþjónustu að uppfylltum kröfum um magn, gæði og verð

Tryggja þarf að greiðslukerfi mismuni ekki rekstrarformum

Eins og SA hafa fjallað um í [nýlegri úttekt um heilbrigðismál](#) þá felast margvíslegar áskoranir í heilbrigðismálum, tengdar lýðfræðilegri þróun og breyttri aldurssamsetningu sem og breyttum lífnaðarháttum og lýðheilsuógnum. Fyrirséð er að kostnaður við heilbrigðisþjónustu muni fara vaxandi og krafan um betri nýtingu fjárframlaga ríkisins brýn.

Í tillögum SA sem snúa að málaflokknum felast fimm meginstef:

1. Notandinn í fyrsta sæti: Skýr réttur og fjármögnun
2. Samningar um alla heilbrigðisþjónustu
3. Einstaklingsmiðuð heilbrigðisþjónusta við hæfi
4. Stafræn heilbrigðisþjónusta
5. Forvarnir í fyrirrúmi

Óljóst er hvaða heilbrigðisþjónustu hið opinbera fjármagnar. Ósamræmi er í fjármögnun og samningagerð.

Óskýr markmið og viðmið hins opinbera um hvaða heilbrigðisþjónustu skuli niðurgreiða og hver megi veita þjónustuna koma niður á þjónustu við notendur. Kostnaður og fjárveitingar í heilbrigðiskerfinu eru oft ógagnsæjar og órökréttar. Ekki er samið um alla þjónustu og ósamræmi er í því hvernig fjármunum er úthlutað til ólíkra rekstraraðila. Þar sem gagnsæi er lítið er samanburður erfiður. Litlir hvatar eru til hagræðingar í starfsemi hjá opinberum aðilum sem ekki fá úthlutað fjármagni á verkefnabundnum grunni.

Mikilvægt er að heilbrigðisráðuneytið fylgi því eftir að veitendur heilbrigðisþjónustu uppfylli skýr viðmið um gæði og öryggi þjónustunnar og að sömu viðmið eigi við um alla rekstraraðila.

Óskilgreind viðmið leiða af sér óhagræði og sóun.

Óljós skilaboð og skortur á skilgreindum viðmiðum leiða of oft til þess heilbrigðisþjónusta er ekki veitt á viðeigandi þjónustustigi. Í því getur falist óhagræði og sóun auk þess sem hætta skapast á því að notendur þjónustu falli á milli í kerfinu. Eftirsóknarvert er að veita ætíð þjónustu við hæfi, á viðeigandi þjónustustigi, byggt á heilsufari, sjúkdómsástandi og réttindum.

Mikilvægt er að halda áfram að efla og bæta heilsugæsluna svo sjúklingar leiti til hennar fremur en bráðamóttökunnar (aðflæðisvandinn). Tryggja þarf að sjúklingur fái þjónustu við hæfi að lokinni sjúkráhusvist til að endurhæfing geti hafist sem fyrst (fráflæðisvandinn).



Langtímaáskoranir eiga erindi í fjárlagagerð

Áskoranir þarf að ræða á Alþingi svo löggjafinn geti brugðist við vandamálum áður en þau raungerast

Ekki þarf aðeins að greina skammtímaáhrif af verkefnum hins opinbera heldur einnig hvornig fyrséð er að fjármagna eigi þau kerfi og réttindi sem til staðar eru horft áratugi fram í tímann. Þó að mikið hafi áunnist á undanförunum árum þarf aukin eftirfylgni að eiga sér stað svo tryggt sé að markmiðum um ábyrgð í ríkisfjármálum sé náð og að grunnildi þeirra séu virt.


Nýverið birti fjármála- og efnahagsráðuneytið í fyrsta sinn áætlun um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum til 30 ára. Slík greining er framfaraskref en hún leiðir í ljós að miðað við gefnar forsendur verði heildarafkoma hins opinbera neikvæð allt til loka tímabilsins. Vitaskuld ríkir óvissa um þróun helstu stærða en þessar niðurstöður gefa engu að síður til kynna að stjórnvöld þurfi að móta viðbragðsáætlanir.

Alþingi tekur hins vegar ekki til umfjöllunar greiningar á sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma litið, þó þar sé fjallað um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem tekur til fimm ára tímabils. Flest önnur lönd innan OECD ræða sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma á þingi.

Opinská umræða þarf að eiga sér stað um langtímaáskoranir og sjálfbærni opinberra fjármála svo hægt sé að taka afstöðu til þeirra og bregðast við í tæka tíð.

Heildarafkoma hins opinbera – Grunnsviðsmynd framreiknings langtímaáætlunar

% VLF





Álögur á atvinnulíf eru að aukast. Framlenging á lækkun tryggingagjalds er nauðsynleg

Háir skattar ofan á há laun sliga rekstur fyrirtækja og auka þrýsting til hækkunar verðlags. Þrátt fyrir lækkun gjaldsins í ár eru tekjur af gjaldinu í samræmi við fyrri áætlanir. Aukin atvinnusköpun stendur undir auknum tekjum.


Styðja þarf við atvinnusköpun og blómlegt atvinnulíf svo hagkerfið geti vaxið og störfum fjölgi

- Ljóst er að treyst er á hagvöxt til að bæta stöðu ríkissjóðs, m.ö.o. er verið að treysta á vöxt atvinnulífsins. Atvinnulífið hefur alla burði til að standa undir þeim hagvexti sem knýr fram bata í ríkisfjármálum og fjölgun starfa, ekki hið opinbera.
- Svo sá vöxtur megi verða að raunveruleika þarf að styðja við atvinnulífið í orði og verki en ein helsta hindrun fyrirtækja í þessum efnum er launakostnaður sem þróast hefur úr takti við verðmætasköpun. Launakostnaður sem hlutfall af verðmætasköpun er sá mesti sem þekktist og langt umfram það sem þekktist í okkar helstu samanburðarlöndum.
- Launahækkunarir, sem hið opinbera leiðir, þyngja rekstur og skapa verðbólguþrýsting sem væri hægt að tempra með lækkun launatengdra gjalda, þ.á.m. tryggingagjalds.
- Þrátt fyrir lækkun tryggingagjalds árið 2021 voru tekjur af því í samræmi við fyrri áætlanir. Lækkun gjaldsins þarf þannig ekki að þýða minni tekjur til ríkissjóðs aukist atvinnusköpun á móti.
- Þá skýtur skökku við að verið sé að hækka álögur á áfengi nú þegar veitingageirinn er í kröggum. Áfengisgjöld hér á landi eru margfalt hærri en í flestum Evrópuríkjum.

Hlutfall launakostnaðar af landsframleiðslu

% VLF

— Miðgildi samanburðarríkja — Helmingur samanburðarríkja er á þessu bili — Ísland





Heildarendurskoðun fyrirkomulags tryggingagjalds þarf að eiga sér stað

Breytingar þurfa að tryggja sjálfbærni bóttakerfisins

Skattur á laun vinnur gegn atvinnusköpun

Tryggingagjald er mikilvægur gjaldstofn ríkissjóðs og námu tekjur af honum á bilinu 94-98 milljörðum króna á árunum 2018-2020. Síðastliðinn vetur ákvað ríkisstjórnin að lækka tryggingagjaldið tímabundið úr 4,9 prósentum í 4,65 prósent á þessu ári. Var þetta gert til að styðja við atvinnurekendur í umhverfi mikilla launahækkana á tíma sögulegs atvinnuleysis. Í þessari stefnu felst viðurkenning á þeirri staðreynd að skattur á laun er sannanlega til þess fallinn að vinna gegn atvinnusköpun.

Samtök atvinnulífsins fagna því að gjaldið hafi verið lækkað, enda er launakostnaður hér á landi með því hæsta sem tíðkast á heimsvísu. Samtökin telja jafnframt að sé gjaldið hannað til að standa undir tilteknum réttindum í tilfærslukerfum, svo sem atvinnuleysistryggingum og fæðingarorlofi, þurfi að taka mið af því til lengri tíma lítið. Ekki fer vel á tíðri endurskoðun gjaldsins. Að sama skapi ber að hafa þennan kostnað í huga þegar bóttaréttindi eru ákveðin. Því fagna SA þeim áherslum sem fram koma í Fjármálaáætlun um heildstæða endurskoðun þessa fyrirkomulags í þeim tilgangi að skýra hlutverk gjaldsins og auka gagnsæi varðandi ákvörðun þess.

Undanfarin ár hafa atvinnuleysisbætur hækkað meira en gjaldstofn tryggingagjalds á föstu verðlagi og ekki er útlit fyrir að sú þróun muni snúast við á næstunni. Ákvarðanir um aukinn bóttarétt leiða því til þess að hluti atvinnuleysisbóttakerfisins verði fjármagnaður með almennum sköttum, að öðru óbreyttu. Breytingar á bóttarétti geta haft í för með sér aukin útgjöld, bæði vegna hærri bóttafjárhæða eða lengra tímabils atvinnuleysis og vegna aukins jafnvægisatvinnuleysis sem af réttindunum gæti hlotist. Spár gera nú þegar ráð fyrir að atvinnuleysi verði óvenju mikið og þrálátt á næstu árum, jafnvel eftir að fullri framleiðslugetu hagkerfisins verður náð. Mikil bóttaréttindi og hátt tryggingagjald eru ekki til þess fallin að sporna gegn þeirri þróun.

Tillögur SA* felast einkum í því að:

1. Gjaldhlutfall tryggingagjalds verði ákvarðað til lengri tíma
2. Atvinnuleysistryggingasjóður verði lagður niður og annað fyrirkomulag fundið sem samræmist stöðu málaflokksins
3. Jöfnunarframlag vegna örorkubyrði verði endurskoðað



Atvinnulífið tekur undir mikilvægi þess að umbætur eigi sér stað á vinnumarkaðslíkaninu

Hægt er að styðjast við Norrænar fyrirmyndir þar sem samningagerð er mun skilvirkari

“Þrátt fyrir góðan bata á vinnumarkaði er hætt við að langtímaatvinnuleysi verði hærra en áður, en róa þarf að því öllum árum að koma í veg fyrir að það festist í sessi. Þar skiptir mestu að umgjörð vinnumarkaðarins sé með þeim hætti að kjarasamningar endurspegli efnahagsleg skilyrði og skili farsælli niðurstöðu.”

- Frumvarp til fjárlaga 2022



Ekki má gleyma að aðrir þættir á borð við **kerfi atvinnuleysistrygginga hafa áhrif á langtímaatvinnuleysi**. Þekkt er að tímabil atvinnuleysistrygginga helst í hendur við tímabil atvinnuleysis. Eins og OECD hafa bent á mætti endurskoða tímabil atvinnuleysistrygginga og tímabil áunninna réttinda svo hægt sé að stuðla að hámarkspáttöku á vinnumarkaði. Atvinnurekendur tala nú um að erfitt reynist að manna störf. Í atakinu Hefjum störf eru til að mynda tvö störf auglýst fyrir hverja ráðningu. Því er ekki ljóst að vandinn nú skýrist af skorti á framboði starfa.

Langtímaatvinnuleysi má ekki festast í sessi

Laun og tengd gjöld eru ríflega 60% af allri verðmætasköpun í landinu og hvergi innan OECD er hlutfallið hærra. Launahækkunar umfram aukningu verðmæta í atvinnulífinu leiða til verðbólgu, veikingu gengis krónunnar og hærri vaxta.

Endurbætur þurfa að eiga sér stað á kjarasamningslíkaninu sem stuðla að þjóðhagslegum stöðugleika. Ríkissáttasemjari á Íslandi hefur ekki þau úrræði sem sáttasemjarar í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð hafa til að tengja hópa saman eða fresta aðgerðum. Slík úrræði eru mikilvægur þáttur í stöðugleika á norrænum vinnumarkaði.

Nauðsynlegt er að setja vinnubrögðum við kjarasamningsgerð fastari skorður til að draga úr miklum og óþörfum samfélagskostnaði sem samningsgerðinni fylgir. Á Norðurlöndunum eru stefnumótandi kjarasamningar endurnýjaðir skömmu áður en þeir renna út og í kjölfar þeirra eru langflestir aðrir kjarasamningar endurnýjaðir á örfáum vikum.

Ítrekað hefur verið bent á að ekki sé farsælt að hið opinbera leiði launapróun. Það er engu að síður tilfellið enn á ný. **Mikilvægar umbætur á vinnumarkaðslíkaninu eru til þess fallnar að stuðla að skilvirkari kjarasamningagerð, launahækkunum í takti við verðmætasköpun og heilbrigðari vinnumarkaði.**

Aðrar athugasemdir



Aðrar mikilvægar stuðningsaðgerðir fyrir íslenskt atvinnulíf

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við umsagnir aðildarsamtaka sinna og vísa til nánari greininga sem þar má finna.

Sem dæmi má nefna neðangreind mál auk fleiri atriði sem einstaka aðildarsamtök fjalla um.



Allir vinna:

SA leggja til að átakið verði framlengt um eitt ár hið minnsta. Átakið hefur átt sinn þátt í að viðhalda atvinnustigi í byggingariðnaði í gegnum niðursveifluna, stuðlað að mikilvægu viðhaldi eigna sem annars hefði ekki verið ráðist í og unnið gegn svartri atvinnustarfsemi. SA taka að öðru leyti undir sjónarmið SI varðandi átakið.



Tengiltvinnbílar og rafbílar:

SA leggja til að aukning verði í fjöldatakmörkunum skráðra tengiltvinnbíla og rafbíla sem falla undir bráðabirgðaákvæði XXIV í lögum um virðisaukaskatt og gildistími ívilnunar ákvæðisins framlengd til loka ársins 2025, óbreytt að efnahagslegu umfangi til loka árs 2022. Miðað við núgildandi viðmið munu fjöldatakmörkunum nýskráðra tengiltvinnbifreiða verða náð í janúar-febrúar 2022 og um mitt ár fyrir rafbíla. SA taka að öðru leyti undir sjónarmið SAF og SVP varðandi breytingar á virðisaukaskattslögum hvað varðar tengil-tvinn bíla og rafbíla.



Hafrannsóknarstofnun:

Að mati samtakanna er sérstaklega mikilvægt að efla og bæta verulega rannsóknir á lífríki sjávar og að HAFRÓ fái fullnægjandi fjármagn til nauðsynlegra rannsókna. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar. Rétt er að benda á að 98% af íslensku sjávarfangi er selt á alþjóðlegum markaði þar sem samkeppni er hörð. SA taka að öðru leyti undir sjónarmið SFS.



Aðrar mikilvægar stuðningsaðgerðir fyrir íslenskt atvinnulíf

Samtök atvinnulífsins lýsa yfir stuðningi við umsagnir aðildarsamtaka sinna og vísa til nánari greininga sem þar má finna.

Annað:

- Tímaraðir vegna breytingar á skilgreiningu A vs. A1, A2 og A3 þurfa að vera fáanlegar til sögulegs samanburðar.
- Samræmi þyrfti að vera í orðalagi í fjárlagafrumvarpi t.a.m. þegar talað er um útgjöld og fjárheimildir. Þá þarf ávallt að vera skýrt á hvaða grunni tölur eru bornar fram, hvort þær eru á fljótandi eða föstu verðlagi og þá verðlagi hvaða árs.
- Lækkun á ferðakostnaði gengur að fullu til baka. Reynslan eftir faraldurinn væri kjörið tækifæri til hagræðingar með því að draga úr ferðakostnaði og samræmast þannig einnig betur sjónarmiðum um umhverfisvernd.
- Álagning gjalda vegna orku- og umhverfismála: Mikilvægt er að gagnsæi ríki um innheimt umhverfisgjöld og ráðstöfun þeirra til grænna verkefna og nýsköpunar. SA taka undir sjónarmið SI hvað þetta varðar í umsögn þeirra um fjárlög 2022.
- Mistök virðast hafa átt sér stað varðandi fjárhæð framlags til VIRK á árinu 2022. Framlagið er 648,5 milljónir króna en á að vera 848,5 milljónir samkvæmt samkomulagi milli VIRK og Félagsmálaráðuneytisins.
- Framtíð íslenskunnar verður aðeins tryggð með notkun máltækni fyrir íslensku, þannig að hægt sé að nota tungumálið í samskiptum við og í gegnum stafræna tækni, tölvur og tæki. Framfarir í máltækni á íslensku eru jafnframt ein af forsendum aðlögunar gervigreindartækni fyrir tungumálið og nýting hennar því ein af grunnstoðum samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs í nútíð og framtíð. Það er því brýnt að staðið verði við þá fjármögnun aðgerðaáætlunar stjórnvalda um máltækni sem samið hefur verið um við framkvæmdaaðila, hvort sem um er að ræða miðstöð máltækni eða rannsóknar- og þróunaraðila. Samtök atvinnulífsins leggjast því gegn fyrirhugaðri lækkun á fjárheimild málaflokksins um 228.m.kr., sbr. þingskjal 1, málefna svið 18, bls. 266, grein a.



Fjölbreytt og ábyrgt atvinnulíf
– sem bætir lífskjör allra!